

HÚSÖNDIN

16.tbl. 3.árg.
29. apríl 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 30. APRÍL - 6. MAÍ

- 1.5. Thelma Líf Andradóttir, Jón Dagur Héðinsson
- 2.5. Emil Birgisson, Stefán Örn Kristjánsson,
Guðmundur Þór Birgisson, Jakub Vondruska
- 3.5. Brynja Ingólfssdóttir, Marge Neissar
- 4.5. Rósa Emelía Sigurjónsdóttir, Edda Stefánsdóttir,
Agnes J. M. Lebeupin, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
- 6.5. Sigríður Stefánsdóttir



Breytingar á starfsemi sveitarfélagsins

4. maí n.k.:

Hreppsskrifstofa og bóksafn opna aftur – Grunnskóli og leikskóli í eðlilegt horf
Hreppsskrifstofa, Mikley og bókasafnið opna mánudaginn 4. maí n.k. í kjölfarið
á fyrsta skrefinu í afléttingu á samkomubanni. Íþróttahúsið verður hins vegar
lokað áfram fyrir almenning en verður opið fyrir íþróttakennslu bæði
Reykjahlíðarskóla og leikskólans Yls.

Starfsemi Reykjahlíðarskóla og leikskólans Yls verður með hefðbundnum hætti
frá og með næsta mánudegi 4. maí.

Við brýnum fyrir íbúum að gæta fyllstu varúðar og gæta vel að sóttvörnum til
að forðast hópssmit.

Um leið viljum við þakka og hrósa íbúum Skútustaðahrepps fyrir órofna
samstöðu og frábæra frammistöðu síðustu vikur.

Skútustaðahreppur

DALAKOFINN

Við hjá Dalakofanum höfum gripið til ýmissa úrræða í samræmi við sóttvarnalög í landinu og höldum áfram þjónustu við okkar viðskiptavini þrátt fyrir skertan opnunartíma. Ástandið vegna Covid-19 breytir stöðu Dalakofans frá því að vera rekinn á um 70% innkomu frá ferðamönnum og 30% innkomu frá heimamönnum til að vera rekinn eingöngu á innkomu frá heimamönnum þar sem ferðamenn eru víðs fjarri. Það gefur auga leið að veltan minnkar því um 70% og gerir reksturinn verulega krefjandi.

Eins og með aðra ferðaþjónustuaðila er framtíð staðarins óljós og getum við einungis vonað að staðurinn muni standa uppréttur að þessum óvissutímum loknum. Við viljum þakka ykkur, tryggja viðskiptavinir, fyrir ykkar viðskipti og erum gríðarlega þakklát fyrir þann stuðning sem staðnum er veittur. Enn sem komið er munum við halda áfram að veita ykkur góða og nauðsynlega þjónustu og náum vonandi í samvinnu við ykkur að tryggja að rekstur staðarins geti haldið áfram í framtíðinni.

Tæpt ár er nú liðið frá því að við innleiddum afslátt á vörum og veitingum gegn framvísun KEA korts. Þessum samningi munum við halda áfram og verður afslátturinn frá 1. maí 5% af vörum í búðinni og af veitingum á veitingastað (gildir ekki af tóbaki og drykkjum). Það er ánægjulegt að sjá hversu margir hafa nýtt sér afsláttarkjörin og við hvetjum enn fleiri til að nýta sér þau.

Frá 1. maí verður opnunartíminn eftirfarandi:

Mán-fim: 10-16 (eldhús opið 11-14)

Fös-lau: 10-20 (eldhús opið til 19:30)

Sun: 12-20 (eldhús opið til 19:30)

1. maí verður opið 12-20 (eldhús opið til 19:30)

Opnunartíminn verður endurmetinn reglulega miðað við ástandið og breytingar tilkynntar á Facebook.

Verið alltaf velkomin.

Sumarkveðjur úr Dalakofanum. 464-3344.

Ertu í leit að sumarstarfi 2020?



Vegna Covid-19 faraldursins verður væntanlega minna um sumarstörf í Mývatnssveit í sumar. Þess vegna er Skútustaðahreppur að undirbúa sumarstörf hjá sveitarfélaginu m.a. í gegnum Vinnumálastofnun sem allir 18 ára og eldri geta sótt um. Um fjölbreytt störf er að ræða. Einnig mun sveitarfélagið sérstaklega skoða að bjóða upp á sumarvinnu fyrir 16-18 ára verði eftirspurn eftir því.

Skilyrði:

Eiga lögheimili í Mývatnssveit.

Vera námsmaður eða atvinnuleitandi frá 16 ára aldri.

Til þess að geta metið eftirspurnina eftir sumarstörfum óskar Skútustaðahreppur eftir því að allir þeir sem munu líklega sækja um sumarstarf þegar þar að kemur, sendi eftirfarandi upplýsingar á netfangið

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is, í seinasta lagi 7. maí n.k.

Eftirfarandi upplýsingar óskast:

Nafn:

Lögheimili:

Kennitala:

Nám:

Annað sem skiptir máli:

Athugið að þetta er ekki formleg umsókn um starf heldur fyrst og fremst könnun til að undirbúa sumstörfin. Þeir sem senda inn umbeiðnar upplýsingar munu hins vegar hafa forgang um sumarstörf sem auglýst verða í maí.

Skútustaðahreppur



HÁSKÓLANEMAR Í SUMARVERKEFNI 2020

Bekkingarnetið stendur ár hvert fyrir rannsóknaverkefnum sem unnin eru á sumrin í samstarfi við háskólanema.

Algengt er að háskólanemar úr heimahéraði sjái tækifæri í því að kynnast störfum við rannsóknir með þessum hætti, ásamt því að geta dvalið á heimaslóð yfir sumarið.

Í ljósi aðstæðna höfum við möguleika á að bæta við fleiri verkefnum í ár. Við hvetjum áhugasama til að hafa samband fyrir 10. maí. Sérstaklega er vakin athygli á því að háskólanemar geta haft starfsaðstöðu víða á starfssvæðinu við verkefni af þessu tagi auk þess sem til greina kemur að vinna í hlutastarfi eða hluta sumars.



Á heimasíðunni hac.is/rannsóknir má finna fjölmörg verkefni sem sumarnemar hafa unnið að í samstarfi við Bekkingarnetið.

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Helenu á helena@hac.is eða Lilju á lilju@hac.is eða í síma 464-5100.



Bekkingarnet
Þingeyinga

Geðrækt í Mývatnssveit

Opinn kynningarfundur
á netinu og Skjólbrekku 5. maí




HEILSUEFLANDI
samfélag

Geðrækt í Mývatnssveit – Opinn kynningarfundur á netinu og Skjólbrekku 5. maí



Kæru Mývetningar. Skútustaðahreppur og Sálfræðiþjónusta Norðurlands hafa tekið höndum saman og ætla að bjóða Mývetningum upp á verkefni sem felst í sértækri þjónustu varðandi geðrækt (hluti af hamingjuverkefninu).

Geðræktarverkefnið skiptist í fræðslu, ráðgjöf, verkefni og rannsóknir þar sem megináherslan verður á lífsleikni og sjálfsrækt annars vegar og geðrækt hins vegar.

Opinn fyrirlestur og kynning á geðræktarverkefninu verður í Skjólbrekku og fjarfundi (streymt á netinu) þriðjudaginn 5. maí n.k. kl. 20:00.

Dagskrá fundarins:

1. Kynning á niðurstöðum Hamingjukönnunar 2020 – Dagbjört Bjarnadóttir.
2. Aðkoma Sálfræðiþjónustu Norðurlands og kynning á fagaðilum – Sigrún Heimisdóttir sálfræðingur.
3. Kynning á geðræktarverkefninu og hvað það felur í sér.
 - Forvarnir - Lífsleikni og sjálfsrækt
 - Úrræði – Geðrækt
 - Forvarnir og úrræði fyrir grunnskólanemendur
4. Fyrirlesturinn Gaman saman.
 - Hvernig samfélag viljum við byggja upp og hvað get ég sem íbúi gert til að efla hamingju og vellíðan?

Fundarstjóri er Helgi Héðinsson.

Athugið! Á kynningarfundinum verður að sjálfsögðu miðað við fjarlægðaviðmið sóttvarnarlæknis og hámarksfjölda 50 manns. Jafnframt verður viðburðinum streymt á netinu, þ.e. á Facebook síðu Skútustaðahrepps. Þar er hægt að koma með spurningar til fyrirlesara.

Skútustaðahreppur



Ertu í háskólanámi og leitar að spennandi sumarstarfi?



Skútustaðahreppur og Þekkingarnet Þingeyinga óska eftir að komast í samband við háskólanema í grunn- og meistaranámi sem leita að sumarvinnu. Um er að ræða metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni sem gætu fengið styrk hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna en umsóknarfrestur þar er til 8. maí (kl. 16.00) n.k.

Skilyrði úthlutunar

Verkefni verður að uppfylla tvær meginkröfur eigi það að hljóta styrk.

Í fyrsta lagi verður verkefnið að reyna á hæfni námsmanns og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Í öðru lagi þarf verkefni að hafa hagnýtt nýsköpunargildi fyrir atvinnulíf eða stuðla að fræðilegri nýsköpun í viðkomandi fræðigrein.

Skútustaðahreppur og Þekkingarnet Þingeyinga vilja styðja við bakið á háskólanemum og taka á móti öllum hugmyndum um rannsóknarverkefni.

Jafnframt erum við með hugmyndir að verkefnum fyrir háskólanema.

Áhugasamir eru beðnir að setja sig sem fyrst í samband við Lilju Berglindi Rögvaldsdóttur hjá Þekkingarneti Þingeyinga í síma 464 5100 eða á netfangið lilja@hac.is

Sjá nánari upplýsingar hér:

<https://www.rannis.is/sjodir/menntun/nyskopunarsjodur-namsmanna/>

Skútustaðahreppur

Þekkingarnet Þingeyinga

